

**Nd.**

**208. Nefndarálit**

um frv. til laga um breyting á lögum nr. 75, 28. nóv. 1919, um skipun barnakennara og laun þeirra.

Frá meiri hluta mentamálanefndar.

Frumvarp það, sem hjer um ræðir, ráðgerir þrjár efnisbreytingar frá núgildandi lögum um skipun barnakennara og laun þeirra.

Meiri hluti nefndarinnar getur ekki fallist á neinar af þessum breytingum, og skulu hjer tilfærðar aðalástæðurnar fyrir því.

Fyrsta og aðalástæða okkar til þess að leggja á móti tveim fyrri breytingunum er sú, að við getum ekki fallist á, að kaupstaðir, skólahjeruð eða fræðsluhjeruð sjeu fær um að taka á sig þau auknu útgjöld, sem af breytingunum mundi leiða, en þau hefir framsögumaður fjárveitinganefndar áætlað um 100 þús. kr. árlega. Hjer er ekki um neinn sparnað á þjóðarbúskapnum að ræða; það sem sparast af rikissjóði, er aftur tekið af bæjar- og hreppssjóðum.

Við fáum heldur ekki annað sjeð en að beinlínis væri óheppilegt, að hjeruðin að einhverju leyti greiði launabætur eftir þjónustualdri, þar sem af því gæti leitt, að skóla- eða fræðslunefndir mæltu siður með eldri og reyndari kennurum til veitingar, af því að þeir yrðu kauphærri en nýir kennarar.

Að öðru leyti mælir öll sanngirni með, að rikissjóður greiði allar dýrtíðarbætur, og það af þeim ástæðum, að nú þegar eru gerðar ráðstafanir til þess, að hann innheimti sínar aðaltekjur eftirleiðis með dýrtíðarálagningu (útflutningsgjald, tekju- og eignarskatt, tolla o. fl.).

Breytingu þeirri, sem felst í 3. gr. frv., erum við og mótfallnir af því, að við erum hræddir um, að slík ákvæði mundu freista skóla- og fræðslunefnda til þess að segja kennurum upp, jafnvel þó ekki væri trygt, að lögskipaðri fræðslu yrði haldið uppi í hjeraðinu.

Af framangreindu leggjum við til, að hv. deild felli frv. þetta.

Nánar í framsögu.

Alþingi, 23. mars 1924.

Magnús Jónsson,  
form.

Sigurjón Jónsson,  
framsögum.

Ásgeir Ásgeirsson,  
fundaskrifari.